



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

143. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja haldinn
fimmtudaginn 9. febrúar í bóknámshúsi skólans og hófst hann kl. 17.00.

Mættir: Hjálmar Árnason, skólameistari, Guðmundur Björnsson,
formaður skólanefndar, Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari,
Bogi Hallgrímsson, Guðjón Kristjánsson, Eggert Ólafsson, Jón
Gunnarsson, Þór Stefánsson, fulltrúi kennara, Helga Sigrún
Harðardóttir, fulltrúi nemenda og Jón Sæmundsson,
fjármálastjóri og fundarritari.

1. Afgreiðsla fjárhagsáætlunar SSS.

Fram kom að skólanefnd hefur verulegar áhyggjur af þeim niðurskurði sem
gerður var á fjárveitingu til stofnbúnaðar, en sú upphæð var lækkuð úr kr.
1.000.000.- í kr. 500.000.-

Skólanefnd telur að hún hafi við gerð fjárhagsáætlana tekið tillit til
erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélaganna og kröfum verið í hóf stilltar.
Miklar umræður urðu um þetta mál og var nefndin sammála um að skólinn
þyrfti stöðugt að endurnýja og auka við tækjakost í takt við þær
tækninýjungar og framfarir sem eiga sér stað í þjóðfélaginu og yrði það
ekki gert með fjárframlögum af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir.
Samþykkt var að formaður skólanefndar, Guðmundur Björnsson, skrifaði
fjárhagsnefnd SSS bréf þar sem sjónarmið skólanefndar varðandi þetta mál
verði gerð ítarleg skil.

2. Fjárlög 1989.

Skólameistari, Hjálmar Árnason, lagði fram og skýrði fjárlög þessa árs er
varða Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Nokkrar stuttar fyrirspurnir komu fram,
sem Hjálmar svaraði.



3. Akstursútboð.

Rætt var um hugmyndir fjárhagsnefndar SSS að bjóða út skólaakstur, enda tekur nefndin ekki mið af verðlagsbreytingum milli ára og því áætlað í þennan lið sama upphæð og á síðasta ári, eða kr. 5.210.000.-

Aðstoðarskólameistari, Ægir Sigurðsson, gerði ítarlega grein fyrir samningi og ýmsum viðskiptum við Steindór Sigurðsson. Fram kom að starfsfólk og nemendur skólans eru mjög ánægð með öll samskipti við Steindór Sigurðsson.

Skólanefnd telur samninginn mjög hagstæðan frá fjárhagslegu sjónarmiði og bendir á að skólinn er bundinn af honum til vors. Sérstök athygli er vakin á því að náist ekki hagstæðari samningur um skólaakstur á þessu ári verðu ekki hjá því komist að hækka þennan lið.

4. Mötuneytismál nemenda.

Skólameistari, Hjálmar Árnason, lagði fram bréf frá tveimur nemendum, þar sem bent er á nauðsyn þess að nemendur geti fengið heita máltíð í skólanum og benda á aðra skóla í því sambandi. Bréfritarar gera sér ljóst að aðstaða til slíkrar starfsemi í núverandi húsnæði verður ekki við komið en benda á að meðan það ástand ríkir, að fá þá aðkeyptan heitan mat frá einhverjum matsölustað í bænum. Samþykkt var að kanna þetta mál og reyna að finna leiðir til úrbóta, þó þannig að framkvæmdin yrði á vegum nemenda.

5. Önnur mál.

a) Skólameistari óskaði eftir heimild til náms- og kynnisferðar til Skotlands með Skólameistarafélagi Íslands, 25. febrúar - 5. mars 1989. Ráðuneytið hefur samþykkt mál þetta fyrir sitt leyti. - **Samþykkt** -

b) Húsnæðismál skólans voru til umræðu og var nefndin sammála um að nauðsynlegt væri að tengja það mál almennri framkvæmdaáætlun þannig að menn hefðu einhverja hugmynd um hvað í vændum væri.




Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

c) Hjálmar Árnason gerði að umræðuefni svokölluð námsvistargjöld. Reikningur liggur fyrir þar sem Reykjavíkurborg krefur Fjölbrautaskóla Suðurnesja um kr. 1.600.000.- en það eru gjöld vegna nemenda af Suðurnesjum í ýmsum skólum í Reykjavík. Skólameistari upplýsti að hann hefði skrifað reikning á móti upp á svipaða upphæð, en það væri aðallega vegna nemenda úr Reykjavík á fluglíðabraut. Hann gat þess að sérstakur samningur væri milli Reykjavíkurborgar og SSS varðandi námsvistargjöld og hefði hann tvívegis skrifað SSS bréf þar sem hann lagði til að þessum samningi yrði sagt upp. Skólanefnd er sammála skólameistara í þessu máli, en dregur í efa að námsvistargjöld komi skólanum við nema sem umsagnaraðili og beinir því hugsanlegum reikningum vegna námsvistargjalda í framtíðinni til skrifstofu SSS.

d) Hjálmar Árnason, lagði fram bréf frá iðnfræðsluráði þar sem Fjölbrautaskóla Suðurnesja er falið að annast kennslu í netagerð fyrir samningsbundna iðnnema af landinu öllu.

Fleira ekki gert, fundi slitið.


Jón Sæmundsson
fundarritari.


Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar.